

FW: Námsferð til Svíþjóðar til að fræðast um íbúasamráð í sænskum sveitarfélögum

Til : Ágúst Sigurðsson
Frá : Rangárþing Ytra
Heiti : FW: Námsferð til Svíþjóðar til að fræðast um íbúasamráð í sænskum sveitarfélögum
Málsnúmer : 1603036
Málsaðili : Samband íslenskra sveitarfélaga
Skráð dags : 16.03.2016 14:40:35
Höfundur : Rangárþing Ytra
Viðhengi image001.gifimage001.gif

From: Anna G. Björnsdóttir [mailto:anna.g.bjornsdottir@samband.is]

Sent: 16. mars 2016 13:42

Subject: FW: Námsferð til Svíþjóðar til að fræðast um íbúasamráð í sænskum sveitarfélögum

Vinsamlegast framsendið framkvæmdastjóra og öðrum yfirstjórnendum í sveitarfélaginu, svo og þeim sem hafa umsjón með íbúasamráði á vegum þess og vekið athygli á að til að nýta hóteltíloð þurfa skráningar að hafa borist ekki seinna en 5. apríl nk.

Heil og sæl

Sambandið býður sveitarstjórnarmönnum upp á námsferð til Svíþjóðar **29. ágúst til 1. september nk.** til að kynna sér íbúalýðræði sænskum sveitarfélögum en þau standa mjög framarlega á því sviði í Evrópu og þótt víðar væri leitað. Í Svíþjóð er áherslan á að samþætta íbúasamráð inn í ákvörðunartökuferla og beita réttum aðferðum til að ná til rétts hóps íbúa.

Hér eru nánari upplýsingar um starf sænska sveitarfélagasambandsins að íbúasamráði, á sænsku:

<http://skl.se/demokratiledningstyrming/medborgardialogdelaktighet/medborgardialog.372.html>

og hér á ensku:

<http://skl.se/tjanster/englishpages/activities/dialoguewithcitizens/factsaboutdialoguewithcitizensinweden.1422.html>

Hópurinn mun fá kynningar hjá íbúalýðræðissérfræðingum sænska sveitarfélagasambandsins og heimsækja sveitarfélög á Stokkhólmsvæðinu. Leitað verður eftir því að kynningar verði á ensku.

Sveitarfélagið Västerås hefur samþykkt að taka á móti hópnum. Västerås er 100 km. fyrir vestan Stokkhólm og er gert ráð fyrir að hópurinn hafi bækistöð þar. Sambandið hefur látið taka frá herbergi á Elite Stadshotellet í Västerås frá 29. ágúst til 1. september, sjá hér að neðan. **Pöntunin gildir til 5. apríl nk.** Eftir þann tíma getur sambandið ekki ábyrgt hótélherbergi.

Eftir skoðun kom í ljós að ekki er fýsilegt að bóka hópflug heldur heppilegra að hver og einn bóki flug fyrir sig. Sambandið vill benda á að Flugvélar Wowair til Stokkhólms lenda á Västeråsflugvelli. Samkvæmt upplýsingum á heimasíðu Wowair í dag er hægt að fá flug út 29. ágúst og heim 1. sept. á rúmlega 20 þús.kr.

Hér eru drög að dagskrá en ítarlegri dagskrá verður send út strax og hún liggur fyrir:

- 29. ágúst: Wowair lendir á Västeråsflugvelli kl. 12:00. Heimsókn til Västeråsborgar um eftirmiddaginn.

- 30. ágúst: Heimsókn til sænska sveitarfélagasambandsins, SKL, á Södermalm í Stokkhólmi. Lest frá Västerås og möguleiki á frjálsum tíma í Stokkhólmi.
- 31. ágúst: Heimsókn til sveitarfélagsins Täby og e.t.v. fleiri heimsóknir.
- 1. sept.: Hádegisflug heim frá Västeråsflugvelli

Kostnaðurbættir eru: Flugmiðar, ferðakostnaður innan Stokkhólmsvæðisins með lest og hugsanlega rútu, og upphalds- og hótellkostnaður, sjá hér að neðan:

„Bokningen

Elite Stadshotellet i Västerås

Box 19

721 03 Västerås

tfn.(vxl) 021-10 28 00

tfn.(direkt) 021-10 28 20

Fax. 021-10 28 10

mail: reservation.vasteras@elite.se

www.elite.se

Rate for 1 person: 1100 SEK per night and room

Rate for 2 persons 1300 SEK per night and room

Rates are including breakfast buffé and taxes.“

Ferðin er opin öllum, og er áhugaverð bæði fyrir kjörna fulltrúa og aðra stjórnendur sveitarfélaga, svo og fyrir starfsmenn sveitarfélaga sem sjá um að skipuleggja íbúasamráð.

Peir sem hafa áhuga á að taka þátt í ferðinni eru vinsamlegast beðnir um að skrá sig með tölvupósti til mín og áréttað er á að skráningar þurfa að berast í s.l. 5. apríl til að sambandið geti ábyrgst herbergi skv. hótelltilboði.

mgkv

Anna Guðrún

Anna Guðrún Björnsdóttir

sviðsstjóri þróunar- og alþjóðasviðs

Beint innval: 515 4920

Netfang: <mailto:anna.g.bjornsdottir@samband.is>

Samband íslenskra sveitarfélaga

Borgartúni 30, pósthólf 8100 128 Reykjavík

Sími: 515 4900 // Fax: 515 4903

www.samband.is



Vinsamlega athugið að þessi tölvupóstur og viðhengi hans eru eingöngu ætluð þeim sem tölvupósturinn er stílaður á og gætu innihaldið upplýsingar sem eru trúnaðarmál. Hafir þú fyrir tilviljun, mistök eða án sérstakrar heimildar tekið við tölvupósti þessum og viðhengjum hans biðjum við þig að fara eftir 9. mgr. 47. gr. laga nr. 81/2003 um fjarskipti og gæta fyllsta trúnaðar og tilkynna okkur að þau hafi ranglega borist þér.